

Nd.

409. Breytingartillaga

[108. mál]

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 50/1978, um váttryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr. orðist svo:

46. gr. laganna orðist svo:

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár og um iðgjaldatekjur váttryggingarfélaganna á líðandi reikningsári sem álagningarstofn næsta fjárlagaárs.

Kostnaði tryggingaeftirlitsins skal jafna á váttryggingarfélag þau, sem starfsleyfi hafa hér á landi skv. lögum þessum, í hlutfalli við áætlun tryggingaeftirlitsins skv. 1. mgr.

Þegar endanlegir reikningar liggja fyrir um iðgjaldatekjur váttryggingarfélaganna skal álagning skv. 2. mgr. leiðrétt til lækkunar eða hækkunar.

Gera má váttryggingarfélagum að greiða allt að 2.5% af frumtryggingariðgjöldum og 0.6% af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu váttryggingarfélag greiða ársfjórðungslega fyrir fram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

Tryggingaeftirlitið skal senda kostnaðaráætlanir og yfirlit um álagningu til Sambands íslenskra tryggingafélaga, svo og ársreikninga þegar þeir liggja fyrir.